

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Starfsáætlun Vinagerðis

2013 – 2014



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

*Að börnum og ungmennum í borginni líði vel,
fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	4
1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári.....	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	6
2.1 Innra mat leikskólans.....	6
2.2 Ytra mat.....	8
2.3 Matsáætlun	9
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	10
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár (aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun)	10
3.2 Áherslur leikskólans vegna starfsáætlunar skóla- og frístundasviðs.....	10
4. Starfsmannamál	11
4.1. Starfsmannahópurinn 1. júní.....	11
4.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning).....	11
4.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.).....	11
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	11
5. Aðrar upplýsingar	12
5.1 Barnahópurinn 1. júní.....	12
5.2 Foreldrasamvinna.....	12
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	12
5.4 Almennar upplýsingar	12
5.5 Áætlanir aðgengilegar á heimasíðu leikskólans	12
Fylgirit.....	12

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári.

(s.s. hvað einkenndi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburði o.þ.h.)

Leikskólaár Vinagerðis var viðburðarríkt. Það sem stendur uppúr er starfið með börnunum sem einkenndist af mikilli sköpun, sjálfbærni og læsi svo notuð séu orð nýrrar Aðalnámskrár leikskóla. Hver dagur felur í sér áskorun, starfið með börnunum gengur alltaf fyrir og leitast er við að fara í hvert verkefni með lausnamiðaða hugsun og gleði að leiðarljósi.

Eins og fyrr fylgdi starfið árstíðarhring og skóladagatali leikskólans en allir starfsmenn koma að gerð skóladagatals Vinagerðis og er helsta áætlun deilda og skólasýn. Haldið er uppá marga merkisdaga og atburði og leikskólinn oft opnaður sérstaklega fyrir gesti og fjölskyldur Vinagerðisbarna. Grænánaverkefni okkar heldur áfram, uppeldisáherslurnar hafa fest sig kyrfilega í sessi sem og önnur skólamenning.

Starfsmannahald var nokkuð óvenjulegt þetta leikskólaár. Margir veikindadagar starfsmanna gerði okkur oft erfitt að halda skipulagi. Tveir starfsmenn urðu ófrískir og snemma veikir á meðgöngu og minnkuðu þeir við sig vinnu áður en annar hætti alveg.

Undirmönnun og tilfærsla starfsmanna á milli deilda til að leysa af, breyting á vöktum og ófyrirséðir atburðir hafa tekið sinn toll.

Sunnudagurinn 3. Desember 2012 verður ógleymanlegur í sögu Vinagerðis en þá kviknaði í leikskólanum. Eldsupptök voru í kaffistofu starfsmanna á efri hæð en það kviknaði í útfrá vatnsvél, en það var eina aðgengi starfsmanna í vatn á kaffistofunni. Efri hæðin þar sem er ein deild, auk hreyfisalar og starfsmannaaðstöðu var lokuð á mánudeginum en opið var á neðri hæð þar sem tvær yngri barna deildir eru en þær, ásamt öðrum herbergjum þar sluppu algjörlega og má þakka það góðri umgengni starfsmanna í lok dags á föstudegi fyrir bruna.

Kaffistofan gjöreyðilagðist og sömuleiðis skemmdist margt og mikið af sóti. Allir lögðust á eitt að vinna vel úr skaðanum og er öllum þeim aragrúa starfsmanna sem kom að endurbótunum þakkað en mesta hrósið fá starfsmenn leikskólans fyrir alla sína vinnu.

Nýtt tímatal varð til í leikskólanum eftir þetta:

Fyrir bruna,- eða eftir bruna!

Aðlögun barna stóð yfir meira eða minna til áramóta þar sem var verið að fjölga hjá okkur í fyrra horf, þó við næðum ekki settum fjölda þ.e sextíu og fjórum börnum.

Þórhildur Jónsdóttir, Tóta deildarstjóri kom ekki úr tæplega árs löngu veikindafríi um áramótin eins og vonast hafði verið eftir en hún andaðist 29. Mars eftir stutta sjúkralegu. Þórhildar er sárt saknað hún var góður vinnufélagi og einstaklega góður fagmaður.

Aðstoðarleikskólastjóri hefur verið deildarstjóri á deildinni í veikindaleyfi Tótu og eftir andlát hennar.

Vinnan við Starfsmannahandbók Vinagerðis hefur haldið áfram og hefur hún öðlast ákveðin sess í starfinu sem oft er vitnað til.

Skóladaqatalið hefur verið þróað enn frekar og er það gott verkfæri allra í starfinu.

Grænfána verkefnið okkar fór í nýjar hæðir þegar við breyttum þema þess úr endurvinnslu í lýðheilsu.

Umhverfismennt og stærðfræði, uppeldisáherslur Vinagerðis eru samofin uppeldisstarfinu en þróast sífellt.

Foreldrasamvinna eru með margs konar hætti og hápunktur hennar er líklega þegar við höfum **Fjölskylduviku** þar sem við opnum leikskólann og bjóðum fjölskyldum barnanna að vera með þeim í leikskólanum við leiki og nám.

Deildarstjórafundir hafa að jafnaði verið aðra hvora viku 1 ½ klst. í senn á föstudögum fyrir hádegi. Á fundunum bera stjórnendur saman bækur sínar, upplýsa, skipuleggja og meta. Einnig varða þeir leiðina áfram og styðja starfið sem fram fer í Vinagerði.

Skráning á starfinu hefur aukist mjög og er eingöngu með ljósmyndum og verkefnum barnanna sem eru leitast við að gera öllum sýnileg. Kostur ljósmyndaskráningar er m.a að hún er ÖLLUM sýnileg og ekki síst börnunum.





2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

Í heildina eru tuttugu þættir metnir ársfjórðungslega í leikskólanum og hefur verið svo í fimmár. Þessir þættir eru:

- Umhverfismennt, --stærðfræði, -þema, -tónlist, -hreyfing, -menning og samfélag, - málrækt, -sköpun, -samverustundir/ fræðsla, -hópastarf, -val, -könnunarleikur, -meistarastundir, -sameiginleg vinastund, -strætóferðir, -útvíst og vettvangsferðir, -umgengni, -samskipti og samstarf starfsfólks, -virkni starfsfólks, -foreldrasamstarf, - upplýsingaflæði/ dagbók, - skóladagatal, merkisdagar og þemavikur.

Ofangreint mat á uppeldisstarfinu er gert þriðja hvern mánuð en hver önn í leikskólanum nær yfir þrjú mánuði og hefur ákveðið þema.

Þættirnir eru metnir á tvo vegu: *Hvað gekk vel og hvað gekk ekki vel* og með tilliti til niðurstöðu endurmatsins eru gerð markmið fyrir næstu önn. Á hverju leikskólaári liggja því fyrir fjögur endurmöt frá hverri deild. Matið sem er lagt fyrir er gátlisti sem hefur þróast í leikskólanum og var gerður af starfsmönnum hans.

Hver og einn starfsmaður fyllir út matslistann. Þannig getur hann metið sín eigin vinnubrögð með tilliti til markmiða og stefnu leikskólans, auk þess metur hann deildarstarfið.

Einnig eru sérstakar vikur og merkisdagar í uppeldisstarfinu metnir um leið og þeim er lokið og flokkast undir síði og menningu leikskólans.

–Sjá fylgiskal

Helstu niðurstöður úr innra mati, - hvað hefur tekist vel – hvað má ganga betur:

- Hópastarf og val gengur vel og á sinn sess í leikskólastarfinu.
- Þema hvarrar annar gengur yfirleitt vel en þar sem aðlögun er að hausti getur verið strembið að fylga þema haustanna.
- Erfitt hefur verið að fylgja áætlunum um vettvangsferði 1x í viku.
- Merkisdagar og sérstakar þemavikur hafa gengið mjög vel.
- Viðburðir með foreldrum og gestum hafa gengið vel.
- Flokkun og moltugerð á það til að gleymast og festast á einstaka starfsmenn.
- Frjálsi leikurinn fær gott rými
- Vel er unnið að endurnýtinu með því að færa „verðlausan“ efnivið í frjálsan leik barna.

- *Að mat skuli fara fram oft því þá gefst færi á að rétta sig við strax.*
- Salurinn okkar Skessugerði mætt nýta miklu betur, sérstaklega á þetta við yngri deildirnar sem hafa ekki nýtt þessa aðstöðu sem skyldi.
- Útileikssvæðið, garðinn við Langagerði má nýta miklu betur en gert er.

2.2 Umbætur út frá niðurstöðum innra mats:

Deildirnar geta nýtt húsnæði leikskólans mun betur. Það sama má segja um útisvæðið eða garð leikskólans. Einnig gefur það dagskipulaginu sérstakan takt í leikskólastarfinu að við þurfum að hafa tvöfaldan hádegismat og síðdegiskaffi fyrir börnin því að borðsalurinn tekur ekki allan barnahóp leikskólans í sæti. Okkar helstu umbætur fyrir næsta leikskólaár eru því að:

- Hafa val meira „flæðandi“ til að nýta húsnæðið betur. Val hefur verið bundið hverja deild en nú langar okkur að bæta hreyfisalnum við þannig að börnin fari út af sinni deild.

Markmið þessara breytinga er :

Að nýta húsnæði leikskólans betur. Að efla samvinnu og samstarf starfsmanna og barna.

Að nýta efnivið og kennslugögn leikskólans betur.

Að nýta mannauð leikskólans betur.

Að nýta tækifærið og hætta að tala um en nota frekar leiksmiðja / leikksmiðjur þó ví það er meira lýsandi orð.

Farið verður í þessa breytingu þegar aðlögun lýkur í húsinu og leikskólinn er fullmannaður.

- Að breyta fyrirkomulagi á síðdegishressingu (kaffitíma) barnanna í Álfagerði (miðju deild) og Drekgagerði (elsta deild). Yngsta deildin Tröllagerði hefur óbreytt fyrirkomulag.

Fyrirkomulagið verður þannig hjá deildunum tveimur að kaffitíminn verður frá kl, 14:30 til 15:30 og börnin fara sjálf þegar þeim hentar innan þessara tímamarka. Þau munu sjálf hjálpa sér við borðhaldið en starfsmaður verður þeim að sjálfsögðu til hjálpar og leiðbeiningar.

Markmið þessara breytinga er:

Að efla sjálfræði barnanna.

Að nýta mannauðin betur.

Að skapa meira jafnvægi og ró á deildum.

- Stefnt er að því með ofangreinum markmiðum að búa til góðan jarðveg fyrir þróunarverkefni sem verður byrjað á eftir næstu áramót. Í þróunarverkefninu höfum við hugsað okkur að skrá með ljósmyndum allan þann efnivið sem kemur í hús og við köllum „verðlaust efni“ sem er hálf gert öfugmæli því efniviðurinn er mjög góður sem leikefni og góð uppspretta fjálssa leiksins, þó hann nýtist ekki lengur í upphaflegu hlutverki t.d. sem kassi undir ávexti eða sem tómatósufaska.



2.2 Ytra mat

Skóla- og frístundasvið,- SFS gerði viðhorfskönnun meðal foreldra leikskólabarna í Reykjavík í febrúar /mars. Svarhlutfall var 61%. Könnunin var rafræn og er að jafnaði gerð annað hvert ár. Vel var staðið að könnuninni t.d var hringt í þá foreldra sem höfðu ekki svarað fyrir ákveðin tíma. Vinagerði fékk sínar niðurstöður í maí síðast liðinn og hefur gert grein fyrir þeim á skipulagsdegi starfsmanna. *Niðurstöður viðhorfskönnunarinnar verða birtar á heimasíðu leikskólans.* Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati Leikskólasviðs og/eða Menntamálaráðuneytis.

Helstu niðurstöður eru:

- Að 100% foreldra- allir foreldrar sem tóku þátt, segja að barnið þeirra sé ánægt í leikskólanum.
- Að 100% foreldra segja að barninu líði vel.
- Að 97% foreldra segja að barnið þeirra aðlagist vel í leikskólanum.
- Að 93% foreldra segja að starfsfólkið sýni barninu þeirra umhuggju og að vel sé tekið á móti barninu og það kvatt vel í lok dags.

Umbætur Vinagerðis út frá niðurstöðum ytra mats:

- Upplýsingagjöf til foreldra t.d. varðandi starfsmannabreytingar þarf að bæta.
- Fréttir og upplýsingar frá deildum á heimasíðu leikskólans þarf að bæta.
- Skilaboð og upplýsingar til foreldra þarf að koma beint til foreldra t.d. með netpósti.
- Það hvenær deildarstjórar auglýsa viðtalstíma þarf að auglýsa betur.
- Viðhorfskannir eða mat foreldra á einstökum þáttum leikskólastarfsins þarf að koma betur í fastari skorður.
- Viðhorfskannir hjá Vinagerðisbörnum þarf að koma á um einstaka þætti leikskólastarfsins, t.d.mun gefast gott tækifæri þegar við breytum leiksmiðjunum á þessu leikskólaári.

2.3 Matsáætlun

Haldið verður áfram að meta þá þætti sem hafa verið metnir til þessa í leikskólanum á þriggja mánaða fresti. Þetta mat er sniðið að leikskólastarfi og áherslum Vinagerðis og gefur góða mynd af því hvernig hverjum og einum gengur að fara eftir reglum og áherslum í starfinu.

Breytingarnar á fyrirkomulagi kaffitímans verður hins vegar metið sérstaklega að þremur mánuðum liðnum. Sérstakt mat verður gert fyrir börnin þannig að þau geta haft áhrif að fyrirkomulagið. Hugsanlegt er könnun verði lögð fyrir foreldra um þessar breytingar.

Breytingin á fyrirkomulagi leiksmiðjanna (valinu) verður metin sérstaklega eftir mánuð hjá starfsmönnum og börnum og aftur eftir ca. þrjá mánuði.

Mat á umbóta áætlun ytra mats verður á skipulagsdegi 20. Janúar 2014



3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár (aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun)

1. Verkefni
Markmið verkefnisins
Leiðir að markmiði
Hver er ábyrgur
Hvernig og hvenær verður markmið metið
2. Næsta verkefni, leiðir, mat o.s. frv.

3.2 Áherslur leikskólans vegna starfsáætlunar skóla- og frístundasviðs

Hvað verður innleitt eða lögð áhersla á samkvæmt starfsáætlun skóla- og frístundasviðs. Horft á framtíðarsýnina, starfsáætlun sviðsins og skorkort

1. Markmið
Leiðir að markmiði
Hver er ábyrgur
Hvernig og hvenær verður markmið metið
2. Næsta markmið ef fleiri en eitt, leiðir, mat o.s. frv.

Hér fyrir neðan eru skref úr starfsáætlun SFS fyrir árið 2013.

Vinsamlegast gerið grein fyrir hvort viðkomandi skref hefur verið innleitt í leikskólastarfið og þá hvernig. Ef innleiðing hefur ekki farið fram þá hvaða áætlanir eru uppi um innleiðingu.

1. Við endurskoðun á námskrá leikskóla komi fram hvernig unnið er með lífsleikni, virðingu,

umhyggju, tillitsemi og samkennd (bls. 14).

2. Leikskólar setji sér umhverfisstefnu sem felí m.a. í sér menntun til sjálfbærni, útinám og vettvangsferðir. (bls 17).
3. Við endurskoðun á námskrám leikskóla verði þess gætt að Barnasáttmálinn verði sýnilegur í námskrám. (bls 17).

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. júní

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun

4.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning)

Starfsþróunarviðtölum er ekki lokið. Veikindi starfsmanna og bruni í desember komu upphaflega í veg fyrir að áætlunin færi af stað á réttum tíma eftir áramót. En stefnt er að hafa starfsþróunarviðtöl við þá starfsmenn sem verða áfram í leikskólunum næsta leikskólaár fyrir sumarlokun.

4.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum) .
- Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur, málþing).

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. júní

- Fjöldi barna í leikskólanum.
- Kynjahlutfall.
- Dvalarstundir.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu.
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku.
- Fjöldi tungumála.

5.2 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð (fjöldi fulltrúa, hvenær er kosið, framkvæmd starfsins).
- Foreldrafundir (dagsetningar, fyrirkomulag).
- Foreldraviðtöl (fyrirkomulag, tímabil).
- Foreldrafélag.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Áætlun vetrarins.
- Samstarfsverkefni ef einhver eru.
- Nýjungar ef einhverjar eru.

5.4 Almennar upplýsingar

- Skipulagsdagar (dagsetningar og upplýsingar um hvaða skipulagsdagar eru á sama tíma og starfsdagar starfsfólks og frídagar nemenda í grunnskólum).

5.5 Áætlanir aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

Tilgreinið hér hvaða áætlanir leikskólinn vinnur eftir og eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans s.s:

- Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar
- Forvarnaráætlun
- Áfallaáætlun
- o.s.frv.

Fylgirit

- Matsgögn

- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning